



## Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)

Skýrsla formanns á aðalfundi miðvikudaginn 19. maí 2010.

Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF) var formlega stofnað á aðalfundi Staðlaráðs þann 31. maí árið 2007, þar sem starfsreglur þess voru samþykktar. Aðaltilgangurinn með stofnun þess var að fylgjast með og taka virkan þátt í starfi alþjóðlegu tækninefndarinnar ISO/TC 234 „Fisheries and aquaculture“ og gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs og fiskeldis í því staðlastarfi sem þar mun fara fram.

Sömu aðilar tóku þátt í FIF árið 2009 eins og 2008, 12 að tölu. FÍS sagði hins vegar upp aðild sinni og er því frá ársbyrjun 2010 ekki lengur aðili. Aðilar 2009 voru þessir:

<b>Aðili</b>	<b>Tengiliður</b>
Dala Rafn ehf	Þórður Rafn Sigurðsson
Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda	Jóhann Peter Andersen
Félag íslenskra stórkaupmanna	Kári Sölmundarson
Fiskistofa	Þórður Ásgeirsson
Landssamband fiskeldisstöðva	Guðbergur Rúnarsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna	Kristján Þórarinsson
Landssamband smábátaeigenda	Arthur Bogason
Matís ohf	Margeir Gissurarson
Samtök fiskvinnslustöðva	Guðbergur Rúnarsson
Sjávarútvegsráðuneytið	Hinrik Greipsson
Vinnslustöðin hf	Sindri Viðarsson
Þorbjörn hf	Gunnar Tómasson

Framkvæmdaráð FIF hefur verið óbreytt frá aðalfundi FIF árið 2008: Margeir Gissurarson er formaður, og aðrir fulltrúar eru Arthur Bogason, Guðbergur Rúnarsson, Kristján Þórarinsson og Þórður Ásgeirsson. Guðrún Rögnvaldardóttir framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands hefur gegnt starfi ritara fagstaðlaráðsins.

Starf FIF á liðnu ári hefur alfarið mótast af starfi innan alþjóðlegu tækninefndarinnar ISO/TC 234. Framkvæmdaráðið hefur fjallað um erindi og tillögur frá tækninefndinni og veitt umsögn og sent inn tillögur þar sem þess hefur verið þörf.

Þriðji fundur ISO/TC 234 var haldinn í Nanaimo í Kanada í október 2009. Margeir Gissurarson, formaður FIF, sótti fundinn af Íslands hálfu. Á fundinum kynntu vinnuhópar stöðu og framgang þeirra stöðlunarverkefna sem ýtt var úr vör

á fundi tækninefndarinnar árinu áður. Í forgrunni eru verkefni varðandi fiskeldi en einnig er í meðferð verkefni varðandi gerð staðals um rekjanleika sjávarfiska. Stöðlunarverkefni um rekjanleika fiskafurða var vísað áfram í vinnuhóp og honum gert að skila nýjum tillögum fyrir næsta fund. FIF lagði fram ítarlegar breytingartillögur við fyrri staðaldrögin sem enn hafa ekki náðst í gegn. Þá kynntu vinnuhópar um stöðlun í fiskeldi stöðu mála og þeim vísað til frekari umræðu í vinnuhópum. Einkum er þar um að ræða stöðlun á sviði fiskeldistækni og umhverfisvöktun sjókvíaeldis. Þá var stofnaður nýr vinnuhópur til að vinna að stöðlun á matvælaöryggi á sviði fiskeldis og forsvarsmaður hópsins hvattur til náins samstarfs við tækninefndina ISO/TC 34/SC 17 er fjallar um matvælaöryggi, til að forðast skörun í staðlavinnunni. Starfsáætlun tækninefndarinnar er enn í vinnslu og stefnt að því að taka hana til lokaumræðu á næsta fundi í nóvember 2010.

Samkvæmt 7. grein starfsreglna Fagstaðlaráðs í fiskimálum skal kjósa á aðalfundi annað hvert ár, til tveggja ára í senn, formann og fjóra aðra sem skipa framkvæmdaráð. Kosið var í framkvæmdaráð á aðalfundi 2009 og því er ekki kosið í ár.

Meginvinna framkvæmdaráðs FIF hefur verið að vakta þróun staðlavinnu fiskimála hjá ISO og koma á framfæri og fylgja eftir athugasemdum er snerta hagsmunum sjávarútvegs og fiskeldis á Íslandi. Það virðist sem aðilar í fiskimálum hafi ekki hug á að taka forystu í gerð staðla að svo stöddu og kjósi að bíða og sjá til hvernig starf tækninefndar ISO (ISO/TC 234) þróist áður en sú ákvörðun er tekin. Rétt er að hafa í huga að virk þátttaka í alþjóðlegri staðlavinnu er trúlega besta leiðin til að koma hagsmunum íslensks sjávarútvegs og fiskeldis varanlega á framfæri.

Reykjavík 19. maí 2010

Margeir Gissurarson

Formaður Fagstaðlaráðs í fiskimálum.